

# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

Símar: 4312740 og 4312750

netf: heilbrigðiseftirlit@vesturland.is

Hvalfjarðarsveit, 7. desember 2015.

Akraneskaupstaður  
Sviðsstj. stjórnslu- og fjármálasviðs  
Steinar Adolffsson  
Stillholti 16-18  
300 Akranes  
Netf: steinar.adolffsson@akranes.is

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) hefur móttengið bréf Akraneskaupstaðar, dags. 06.12.2015 þar sem óskað er umsagnar vegna breyttrar gjaldskrár fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi 2016 sem samþykkt var í bæjarráði hinn 4. desember s.l.

Með erindinu fylgdu drög að breyttri gjaldskrá, fjárhagsáætlun fyrir rekstur gámastöðvar (Gámu) og álagning sorpgjalda með greinargerð og nýfallinn úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um sorphirðugjöld á Akranesi 2014 og 2015.

HeV telur að efnisatriði gjaldskrárinnar sé í samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gerir því ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

  
framkv. stj. heilbrigðiseftirlits.